



# Skeljungur hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar  
1. janúar til 30. júní 2020

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra .....	3
Rekstrarreikningur .....	5
Yfirlit um heildarafkomu .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Eiginfjárfirlit .....	8
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Skýringar .....	10

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

---

Samandreginn árs hlutareikningur Skeljungs hf. hefur að geyma samstæðureikning Skeljungs hf. og dótturfélaga þess fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2020. Reikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árs hlutareikninga, IAS 34, og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga.

Heildartekjur samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2020 voru 20.403 millj. kr. (2019: 24.862 millj. kr.) og hagnaður nam 274 millj. kr. (2019: 706 millj. kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi 30. júní 2020 námu eignir samstæðunnar 26.783 millj. kr. (2019: 24.461 millj. kr.) og skuldir 17.181 millj. kr. (2019: 14.638 millj. kr.). Eigið fé nam 9.603 millj. kr. (2019: 9.823 millj. kr.) og var eiginfjárhlutfall 36% (2019: 40%).

Í byrjun mars keypti Skeljungur hf. allt hlutafé í Langholti ehf. og 26 Fasteign ehf. Kaupin hafa óveruleg áhrif á rekstur og efnahag samstæðunnar.

Á aðalfundi Skeljungs hf. þann 5. mars 2020 var stjórn félagsins veitt heimild til kaupa á eigin bréfum félagsins að nafnverði allt að 10% af heildarhlutafé. Tilkynnt var um endurkaupaáætlun félagsins þann 18. mars 2020 og þann 30. júní hafa verið keyptir 24.820.946 hlutir í félaginu sem samsvarar 1,25% af heildarhlutafé félagsins. Að öðru leyti vísast til árs hlutareiknings um breytingar á eigin fé samstæðunnar.

Á aðalfundi Skeljungs hf. þann 5. mars 2020 var samþykkt að lækka hlutafé félagsins úr kr. 2.152.031.847 að nafnverði í kr. 1.985.675.666 að nafnverði, með þeim hætti að eigin hlutir félagsins að nafnverði kr. 166.356.181 voru ógiltir.

Á aðalfundi Skeljungs hf. þann 5. mars 2020 var samþykkt að greiða arð til hluthafa að fjárhæð 600 milljónum króna. Greiðsla arðs fór fram þann 2. apríl 2020.

COVID-19 heimsfaraldurinn hafði talsverð áhrif á rekstur samstæðunnar á tímabilinu. Óljóst er hver áhrifin verða til skemmri og lengri tíma. Áherslur stjórnar og stjórnenda félagsins hafa einkum verið fólgnaðar í að tryggja öryggi starfsmanna og viðskiptavina félagsins.

Félög samstæðunnar gegna mikilvægu hlutverki við að tryggja samgöngur á Íslandi og í Færeyjum og að aðföng berist til landanna. Aðgerðir samstæðunnar miða að því að tryggja rekstrarsamfellu þannig að sem minnst truflun verði á þjónustu við viðskiptavini.

Það er mat stjórnar og stjórnenda að samstæðan sé vel í stakk búin til þess að takast á við krefjandi aðstæður sem tengjast Covid-19, hvort sem lítið er til högunar á þjónustu við viðskiptavini, fjárhags- eða lausafjárstöðu. Nánar er fjallað um áhrifin í skýringu nr. 13.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árs hlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árs hlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Það er álit stjórnar og forstjóra að árs hlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2020 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 30. júní 2020.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árs hlutareikningurinn og skýrsla stjórnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2020 gefi glögg yfirlit um árangur af rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og þróun.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

---

Stjórn og forstjóri Skeljungs hf. hafa í dag fjallað um árs hlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2020 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 12. ágúst 2020.

## Stjórn

---

Jón Ásgeir Jóhannesson  
formaður

---

Birna Ósk Einarsdóttir

---

Elín Jónsdóttir

---

Dagný Halldórsdóttir

---

Pórarinn Arnar Sævarsson

## forstjóri

---

Árni Pétur Jónsson

## Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2020

	Skýr.	2020	2019	2020	2019
		1.4 - 30.6.	1.4 - 30.6.	1.1. - 30.6	1.1. - 30.6
Sala .....	5	9.433	13.356	20.403	24.862
Kostnaðarverð seldra vara .....	6	( 7.148)	( 11.237)	( 15.788)	( 20.636)
<b>Framlegð.....</b>		<b>2.285</b>	<b>2.119</b>	<b>4.615</b>	<b>4.226</b>
Aðrar rekstrartekjur .....		81	38	129	79
Laun og launatengd gjöld .....		( 1.031)	( 710)	( 2.030)	( 1.316)
Sölu- og dreifingarkostnaður .....		( 566)	( 531)	( 1.162)	( 1.025)
Annar rekstrarkostnaður .....		( 137)	( 136)	( 306)	( 292)
		( 1.733)	( 1.377)	( 3.497)	( 2.633)
<b>Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA).....</b>		<b>633</b>	<b>780</b>	<b>1.247</b>	<b>1.672</b>
Afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna .....		( 331)	( 268)	( 643)	( 529)
<b>Hagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT).....</b>		<b>302</b>	<b>511</b>	<b>604</b>	<b>1.142</b>
Fjármunatekjur .....		8	10	14	14
Fjármagnsgjöld .....		( 110)	( 122)	( 198)	( 237)
		( 101)	( 112)	( 184)	( 223)
Áhrif hlutdeildarfélaganna .....		( 53)	( 29)	( 70)	( 41)
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt .....</b>		<b>147</b>	<b>370</b>	<b>350</b>	<b>879</b>
Tekjuskattur .....	7	( 33)	( 75)	( 76)	( 172)
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>		<b>114</b>	<b>295</b>	<b>274</b>	<b>706</b>
<b>Skipting hagnaðar</b>					
Eigendur móðurfélags .....		102	293	256	696
Minnihluti í dótturfélögum .....		13	3	17	11
		<b>114</b>	<b>295</b>	<b>274</b>	<b>706</b>
<b>Hagnaðarhlutur:</b>					
Hagnaður á hlut .....		0,13	0,14	0,14	0,35
Þynntur hagnaður á hlut .....		0,13	0,14	0,14	0,35

Skýringar á blaðsíðum 10-14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

## Yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. júní 2020

	Skýr.	2020	2019	2020	2019
		1.4. - 30.6.	1.4 - 30.6.	1.1. - 30.6	1.1. - 30.6
Hagnaður tímabilsins .....		114	295	274	706
<b>Liðir færðir beint á eigið fé sem síðar kunna að verða endurflokkaðir í rekstrarreikningi:</b>					
Þýðingarmunur hlutdeildar- og dótturfélaga .....		23	135	635	265
Þýðingamunur vegna áhættuvarna hreinnar fjárfestingar .....	(	9)	( 104)	( 454)	( 191)
Tekjuskattsáhrif vegna áhættuvarna hreinnar fjárfestingar .....		2	21	91	38
		<u>16</u>	<u>52</u>	<u>272</u>	<u>112</u>
<b>Heildarhagnaður tímabilsins .....</b>		<b><u>130</u></b>	<b><u>347</u></b>	<b><u>545</u></b>	<b><u>818</u></b>
<b>Skipting heildarhagnaðar</b>					
Eigendur móðurfélags .....		117	341	504	800
Minnihluti í dótturfélögum .....		13	6	41	18
		<u>130</u>	<u>347</u>	<u>545</u>	<u>818</u>

Skýringar á blaðsíðum 10-14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

## Efnahagsreikningur 30.júní 2020

	Skýr.	30.06.2020	31.12.2019
<b>Fastafjármunir</b>			
Viðskiptavild .....		3.933	3.545
Aðrar óefnislegar eignir .....		708	647
Rekstrarfjármunir .....		11.075	10.813
Leigueignir .....		1.573	1.486
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....		402	409
	Fastafjármunir	<u>17.691</u>	<u>16.900</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....		2.899	3.313
Viðskiptakröfur .....		4.110	3.608
Aðrar skammtímakröfur .....		391	133
Handbært fé .....		1.692	506
	Veltufjármunir	<u>9.092</u>	<u>7.561</u>
	<b>Eignir samtals</b>	<b><u>26.783</u></b>	<b><u>24.461</u></b>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		1.961	1.986
Yfirverðsreikningur hlutfjár .....		3.210	3.210
Bundnir eiginfjárreikningar .....		1.485	1.597
Óráðstafað eigið fé .....		2.711	2.837
	Eigið fé hluthafa móðurfélags	<u>9.368</u>	<u>9.629</u>
Hlutdeild minnihluta .....		235	193
	Eigið fé samtals	<u>9.603</u>	<u>9.823</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Tekjuskattsskuldbinding .....	8	328	403
Leiguskuldbindingar .....		1.461	1.392
Skuldir við lánastofnanir .....	9	5.814	5.481
	Langtímaskuldir og skuldbindingar	<u>7.603</u>	<u>7.276</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	9	2.083	503
Viðskiptaskuldir .....		3.370	2.851
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum .....	9	610	544
Næsta árs afborganir af leiguskuldbindingum .....		237	208
Skuldir við tengd félög .....		6	16
Tekjuskattur til greiðslu .....		119	326
Aðrar skammtímaskuldir .....		3.151	2.914
Ógreiddur úthlutaður arður .....		0	0
	Skammtímaskuldir	<u>9.577</u>	<u>7.362</u>
	<b>Skuldir samtals</b>	<u>17.181</u>	<u>14.638</u>
	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b><u>26.783</u></b>	<b><u>24.461</u></b>

Skýringar á blaðsíðum 10-14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

## Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 30. júní 2020

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Lögbundinn varasjóður	Varasjóður v. kaupréttar- samninga	Þýðingar- munur	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé hluthafa móðurfélags	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
<b>2019</b>										
Eigið fé hluthafa 31.12.2018 .....	2.053	3.210	459	1 (	1.116)	1.476	2.764	8.847	157	9.004
IFRS 16 innleiðing .....							(	106)	(	106)
Leiðrétt eigið hlutafé hluthafa 1.1.2019 .....	2.053	3.210	459	1 (	1.116)	1.476	2.659	8.741	157	8.898
Hagnaður ársins .....							696	696	11	706
Önnur heildarafkoma .....					104			104	8	112
Heildarhagnaður tímabilsins .....					104	0	696	800	18	818
Bundið v/ afkomu dóttur- og hlutd.félaga ....					(	257)	391	(	134)	0
Keypt eigin bréf .....	(	45)					(	324)	(	369)
Lagt í lögbundinn varasjóð .....			9				(	9)		0
Staða 30.06.2019 .....	2.008	3.210	468	1 (	1.269)	1.867	2.888	9.172	176	9.348
<b>2020</b>										
Eigið fé hluthafa 31.12.2019 .....	1.986	3.210	501	1 (	1.103)	2.198	2.837	9.629	193	9.823
Hagnaður ársins .....							256	256	17	274
Önnur heildarafkoma .....					272			272	24	296
Heildarhagnaður tímabilsins .....					272	0	256	528	41	569
Fenginn arður frá dótturfélagi .....						(	383)	383	0	0
Úthlutaður arður til hluthafa .....							(	600)	(	600)
Innleystir kaupréttarsamningar .....				(	1)		(	4)	(	4)
Keypt eigin bréf .....	(	25)					(	161)	(	186)
Staða 30.06.2020 .....	1.961	3.210	501	1 (	831)	1.815	2.711	9.368	235	9.603

Skýringar á blaðsíðum 10-14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

## Sjóðstreymisýfirlit 1. janúar til 30. júní 2020

	2020	2019
	1.1. - 30.6	1.1. - 30.6
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Hagnaður tímabilsins .....	274	706
Leiðrétt fyrir:		
Afskriftir .....	643	529
Áhrif hlutdeildarfélaga .....	70	41
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	168	214
Söluhagnaður eigna .....	( 5)	0
Tekjuskattur .....	77	172
Veltufé frá rekstri án vaxta og tekjuskatts	1.228	1.663
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:		
Birgðir, breyting .....	521	364
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting .....	( 758)	( 1.757)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting .....	482	111
	246	( 1.282)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	1.473	381
Innborgaðar vaxtatekjur .....	15	14
Greidd vaxtagjöld .....	( 189)	( 223)
Greiddur tekjuskattur .....	( 105)	( 51)
Handbært fé frá rekstri	1.195	121
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	( 380)	( 233)
Söluverð rekstrarfjármuna .....	104	5
Fjárfesting í dótturfélögum .....	( 101)	0
Fjárfest í hlutdeildarfélögum .....	( 60)	0
Kröfur við dótturfélög, breyting .....	0	( 3)
Fjárfestingarhreyfingar	( 436)	( 230)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Innborgun hlutafjár minnihluta í dótturfélagi .....	0	0
Selt hlutafé til minnihluta í dótturfélagi .....	0	0
Kaup á eigin bréfum .....	( 186)	( 353)
Afborganir langtímaskulda og leigusamninga .....	( 426)	( 2.085)
Tekin ný langtímalán .....	0	1.902
Greiddur arður .....	( 600)	0
Skuld við tengd félög .....	( 37)	13
Handbært fé frá félagi í samstæðu .....	7	0
Skammtímalán, breyting .....	1.582	322
Fjármögnunarhreyfingar	341	( 202)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....	1.100	( 310)
Handbært fé í byrjun árs .....	506	818
Gengismunur á handbæru fé .....	86	22
Handbært fé í lok tímabilsins .....	1.692	529

Skýringar á blaðsíðum 10-14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# Skýringar

---

## 1. Félagið

Skeljungur hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag með lögheimili á Íslandi. Skráð heimilisfang er Borgartún 26, Reykjavík. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess (sem vísað er til í heild sem „samstæða“ og eitt og sér sem „félag“) og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

Megintilgangur félagsins er innflutningur, sala og dreifing á eldsneyti, en einnig smurólú, efnavöru og áburði, svo og hverskonar viðskipti með aðrar vörur, bæði í smásölu og heildsölu. Ennfremur lánastarfsemi, rekstur fasteigna, skipa, þjónustustöðva og annar atvinnurekstur, eða þátttaka í atvinnustarfsemi, samkvæmt ákvörðun stjórnar. Samstæðan starfar á tveimur landfræðilegum mörkuðum, á Íslandi og í Færeyjum. Á Íslandi er félagið rekið undir merkjum Skeljungs, Orkunnar, Kvikk, 10-11, Extra og starfræktar eru 65 bensinstöðvar, 7 dagvöruverslanir og 4 birgðastöðvar. Dótturfélagið P/F Magn er með starfsemi í Færeyjum og rekur 11 smásölu- og bensinstöðvar víðs vegar um Færeyjar auk þess að reka 2 birgðastöðvar og sérhæfa sig í umhverfisvænum húshitunarlausnum. Viðskiptavinir félaganna koma úr öllum geirum samfélagsins.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga.

Samandreginn árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesast í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2019 sem er aðgengilegur á heimasíðu félagsins [www.skeljungur.is](http://www.skeljungur.is).

Stjórn Skeljungs samþykkti árshlutareikninginn 12. ágúst 2020.

### b. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2019.

### c. Framsetningar- og starfrækslugjaldmiðill

Árshlutareikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum (ISK), sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar. Fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

### d. Mat og ákvarðanir

Gerð reikningsskila í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

### e. Árstíðarbundnar sveiflur

Umsvif félagsins eru jafnan nokkru meiri á 2. og 3. ársfjórðungi en á 1. og 4. ársfjórðungi. Bókfært verð rekstrartengdra eigna og skulda er því að jafnaði lægra í lok 1. og 4. ársfjórðungs en í lok 2. og 3. ársfjórðungs.

## Skýringar, frh.:

### 3. Breytingar á samstæðunni

Skeljungur hf. keypti allt hlutafé í Langholti ehf. og 26 Fasteign ehf. Áhrif kaupanna á rekstur og efnahag samstæðunnar eru óveruleg.

### 4. Landfræðileg skipting

Við framsetningu upplýsinga hér að neðan er byggt á landfræðilegri staðsetningu félaga í samstæðu.

#### Árið 2020

##### Rekstrarreikningur 1.1. - 30.6.

	Ísland	Færeyjar	Samtals
Heildartekjur .....	13.080	7.475	20.554
Tekjur innan samstæðu .....	( 151)	0	( 151)
Tekjur utan samstæðu .....	12.928	7.475	20.403
Framlegð .....	2.802	1.812	4.615
EBITDA .....	546	701	1.247
EBIT .....	37	567	604

##### Efnahagsreikningur 30.6.

Fastafjármunir .....	11.856	5.835	17.691
Veltufjármunir .....	6.024	3.068	9.092
Eignir samtals .....	17.881	8.902	26.783
Langtímaskuldir .....	5.794	1.810	7.603
Skammtímaskuldir .....	6.754	2.824	9.578
Skuldir samtals .....	12.548	4.633	17.181

#### Árið 2019

##### Rekstrarreikningur 1.1. - 30.6.

	Ísland	Færeyjar	Samtals
Heildartekjur .....	15.934	9.584	25.518
Tekjur innan samstæðu .....	( 656)	0	( 656)
Tekjur utan samstæðu .....	15.278	9.584	24.862
Framlegð .....	2.534	1.692	4.226
EBITDA .....	823	849	1.672
EBIT .....	403	739	1.142

##### Efnahagsreikningur 31.12.

Fastafjármunir .....	11.813	5.087	16.900
Veltufjármunir .....	5.179	2.383	7.561
Eignir samtals .....	16.991	7.469	24.461
Langtímaskuldir .....	5.608	1.668	7.276
Skammtímaskuldir .....	5.209	2.153	7.362
Skuldir samtals .....	10.817	3.821	14.638

### 5. Sala

	2020 1.1. - 30.6.	2019 1.1. - 30.6.
Sala greinist þannig:		
Eldsneyti .....	15.699	22.165
Önnur vörusala .....	4.704	2.697
Sala samtals .....	20.403	24.862

## Skýringar, frh.:

<b>5. Sala (frh.)</b>		<b>2020</b>		<b>2019</b>
Skipting sölu eftir vörutegundum:		<b>1.1. - 30.6.</b>		<b>1.1. - 30.6.</b>
Bensín og dísel .....		8.310		11.395
Flugvélaeldsneyti .....		955		1.790
Skipaeldsneyti .....		4.900		6.927
Annað eldsneyti .....		1.535		2.053
Aðrar vörur .....		4.704		2.697
Sala samtals .....		<u>20.403</u>		<u>24.862</u>
<b>6. Kostnaðarverð seldra vara</b>				
Kostnaðarverð seldra vara greinist þannig:				
Eldsneyti .....		12.789		18.851
Aðrar vörur .....		3.000		1.785
Kostnaðarverð seldra vara samtals .....		<u>15.788</u>		<u>20.636</u>
<b>7. Tekjuskattur</b>				
Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:				
Ógreiddur tekjuskattur .....		119		179
Frestaður tekjuskattur .....	(	43)	(	4)
Gjaldfærður tekjuskattur .....		<u>76</u>		<u>175</u>
Virkur tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:				
	<b>1.1.- 30.6.2020</b>		<b>1.1.- 30.6.2019</b>	
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		350		879
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall .....	20,00%	70	20,00%	176
Áhrif skatthlutfalla hjá erlendu dótturfélagi .....	3,04% (	11)	1,56% (	14)
Aðrir liðir .....	( 4,83%)	17	( 1,16%)	10
Tekjuskattur í rekstrarreikningi .....	<u>18,21%</u>	<u>76</u>	<u>20,40%</u>	<u>172</u>
<b>8. Tekjuskattsskuldbinding</b>				
Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:				
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun .....		403		671
Tekið yfir í samstæðu .....		6 (		273)
Þýðingarmunur .....		74		3
Tekjuskattur vegna eiginfjárhreyfinga .....	(	112)	(	30)
Reiknaður tekjuskattur af áframhaldandi starfsemi .....		76		357
Tekjuskattur til greiðslu .....	(	119)	(	326)
Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabils/árs .....		<u>328</u>		<u>403</u>

## Skýringar, frh.:

<b>8. Tekjuskattsskuldbinding (frh.)</b>	<b>30.6.2020</b>	<b>31.12.2019</b>
Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig á einstaka liði		
Rekstrarfjármunir .....	541	541
Óefnislegar eignir .....	56	69
Vörubirgðir .....	55	91
Viðskiptakröfur .....	( 5)	( 5)
Frestun gengismunar .....	( 24)	( 23)
Yfirfæranlegt skattalegt tap .....	( 251)	( 251)
Aðrir liðir .....	( 44)	( 19)
Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabils/árs .....	328	403

### 9. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig;

#### Skilmálar vaxtaberandi skulda

		30.6.2020		31.12.2019	
		Lokagjalddagar	Meðalvextir	Bókfært verð	Meðalvextir
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:					
Skuldir í DKK .....	2028	2,4%	4.838	2,4%	4.457
Skammtímalán í USD .....	2021	3,7%	13	5,2%	253
Skammtímalán í DKK .....	2021	2,4%	0	2,4%	1
			4.851		4.711
Skuldir í íslenskum krónum:					
Óverðtr. langtímalán .....	2029	4,4%	1.586	5,5%	1.567
Óverðtr. skammtímalán .....	2021	2,8%	2.070	5,7%	249
			3.656		1.816
Vaxtaberandi skuldir samtals .....			8.507		6.527
Afborganir langtímaskulda greinast þannig næstu ár:					<b>30.6.2020</b>
1.7.2020 - 30.6.2021 .....					614
1.7.2021 - 30.6.2022 .....					620
1.7.2022 - 30.6.2023 .....					626
1.7.2023 - 30.6.2024 .....					632
1.7.2024 - 30.6.2025 .....					620
Síðar .....					3.313
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....					6.424

### 10. Áhættuvarnarreikningsskil

Á árinu 2017 byrjaði félagið að beita áhættuvarnarreikningsskilum um hreina fjárfestingu vegna gjaldeyrisáhættu sem myndast milli starfrækslugjaldmiðils dótturfélagsins Magn P/F, í dönskum krónum, og starfrækslugjaldmiðils félagsins, í íslenskum krónum. Fjárfesting félagsins í Magn er varin að hluta með lántöku félagsins í dönskum krónum, en bókfært verð lántökunnar var 162 millj. danskar krónur þann 30. júní 2020. Félagið hefur tilgreint alla lántökuna sem áhættuvarnargerning vegna gjaldeyrisáhættu sem myndast vegna samsvarandi fjárhæðar af hreinni heildarfjárfestingu í Magn.

Félagið mælir virkni áhættuvarnarinnar út frá fjárhæð hreinnar eignar sem varin er. Að svo miklu leyti sem áhættuvörnin er virk er þýðingamunurinn vegna lántökunnar færður í aðra heildarafkomu og safnast inn á áhættuvarnarreikning meðal eiginfjár. Félagið mun endurflokka þýðingarmuninn af eigin fé yfir í rekstrarreikning ef félagið selur Magn. Félagið færir alla óvirkni, ef einhver er, strax í rekstrarreikning. Engin óvirkni var vegna áhættuvarnar á hreinni fjárfestingu vegna gjaldeyrisáhættu á tímabilinu.

## Skýringar, frh.:

### 11. Félög í samstæðunni

Eftirfarandi félög eru innifalin í samstæðureikningskilunum:

	Eignarhlutur	
	30.6.2020	31.12.2019
Bensínorkan ehf., Reykjavík .....	100%	100%
Tollvörugeymsla Skeljungs ehf., Reykjavík .....	100%	100%
P/F Magn, Færeyjar .....	100%	100%
Basko ehf., Reykjavík .....	100%	100%
Langholt ehf. ....	100%	0%
26 Fasteign ehf. ....	100%	0%
Íslenska vetnisfélagið ehf. ....	90%	90%
P/F Demich, Færeyjar .....	70%	70%
Barkur ehf, Reykjavík .....	67%	67%

### 12. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar:

	2020	2019
	1.1. - 30.6.	1.1. - 30.6.
Rekstur:		
Framlegð í hlutfalli af sölu .....	22,6%	17,0%
EBITDA / Framlegð .....	27,0%	39,6%
EBIT / Framlegð .....	13,1%	27,0%
Laun / Framlegð .....	44,0%	31,1%
Sölu og dreifingarkostnaður / Framlegð .....	25,2%	24,3%
Rekstrarkostnaður / Framlegð .....	75,8%	62,3%
Arðsemi eigin fjár (ársgrundvelli) .....	5,7%	15,7%
Efnahagur:	30.6.2020	31.12.2019
Veltufjárlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir .....	0,95	1,03
Lausafjárlutfall - (veltufjármunir - birgðir) / skammtímaskuldir .....	0,65	0,58
Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA (sl. 12 mánaða) .....	2,27	1,76
Eiginfjárlutfall - eigið fé / eignir samtals .....	35,9%	40,2%
Innra virði hlutfjár .....	4,9	4,9

### 13. Áhrif COVID-19

COVID-19 heimsfaraldurinn hafði talsverð áhrif á rekstur samstæðunnar á tímabilinu og óljóst hver áhrifin verða til skemmri og lengri tíma. Áherslur stjórnar og stjórnenda félagsins hefur einkum verið fólgð í að tryggja öryggi starfsmanna og viðskiptavina félagsins. Félög samstæðunnar gegna mikilvægu hlutverki við að tryggja samgöngur á Íslandi og í Færeyjum og að aðföng berist til landanna. Aðgerðir samstæðunnar miða að því að tryggja rekstrarsamfellu þannig að sem minnst truflun verði á þjónustu við viðskiptavini.

Samhliða gerð árs hlutareiknings þessa hefur farið fram mat á mögulegum áhrifum COVID-19 á rekstur og fjárhagsstöðu samstæðunnar. Hluti starfsemi Skeljungs á Íslandi á undir högg að sækja vegna fækkunar ferðamanna á komandi mánuðum, minni flugsamgangna og almennrar óvissu í efnahagslífinu. Reksturinn í Færeyjum er ekki háður ferðamönnum nema að mjög takmörkuðu leyti, auk þess sem danska krónan hefur styrkst gagnvart íslensku krónunni sem hefur jákvæð áhrif á rekstrarreikning samstæðunnar.

Áhrif af COVID-19 eru mjög óviss þegar horft er til næstu mánaða en stjórn og stjórnendur fylgjast náið með ástandinu og þróun mála. Það er mat stjórnar og stjórnenda að samstæðan sé vel í stakk búin til þess að takast á við krefjandi aðstæður sem tengjast Covid-19, hvort sem litið er til högunar á þjónustu við viðskiptavini, fjárhags- eða lausafjárstöðu.